

Númer: 58/2018

Dreifibréfi til tilkynningarskyldra aðila skv. a-e og m-p-liðum 1. mgr. 2. gr. laga nr. 64/2006  
b.t. ábyrgðarmanns aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Reykjavík, 17. desember 2018  
Tilvísun: 2018010171

**Efni: Innleiðing viðmiðunarreglna EBA, ESMA og EIOPA um einfaldaða og aukna áreiðanleikakönnun og þætti sem lána- og fjármálastofnanir skulu líta til við mat á hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í tengslum við einstaka viðskiptasambönd og einstök viðskipti**

Með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði öðluðust svonefndar ESAs reglugerðir gildi hér á landi, þ.e. reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093 - 1095/2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsstofnununum EBA, ESMA og EIOPA. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar hafa gefið út sameiginlegar viðmiðunarreglur (*e. joint guidelines*) um áhættuþætti sem tengjast aðgerðum tilkynningarskyldra aðila á fjármálamarkaði gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.<sup>1</sup>

Tilgangur viðmiðunarreglna er að koma á samræmdri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf um fjármálaþjónustu innan EES. Í 16. gr. ESAs reglugerðanna er fjallað um viðmiðunarreglur og almenn tilmæli eftirlitsstofnananna. Í 3. mgr. 16. gr. segir að lögbær yfirvöld og fjármálastofnanir skuli leita allra leiða til að fara að þessum viðmiðunarreglum og almennum tilmælum.

Frumvarp til nýrra heildarlaga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka var lagt fram á Alþingi þann 5. nóvember sl. og samþykkt á Alþingi þann 13. desember sl. Lögin taka gildi 1. janúar 2019. Frumvarpið felur í sér innleiðingu á fjórðu og hluta af fimmtu peningabættistilskipun Evrópusambandsins og eru umræddar viðmiðunarreglur nánari útfærsla á ákvæðum tilskipunarinnar.

Í 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um að tilkynningarskyldir aðilar skuli gera áhættumat á rekstri sínum og viðskiptum. Þá er í 12. og 13. gr. frumvarpsins kveðið á um einfaldaða og aukna áreiðanleikakönnun. Samkvæmt ákvæði II til bráðabirgða í frumvarpinu er kveðið á um að fyrsta áhættumat tilkynningarskyldra aðila skuli liggja fyrir eigi síðar en 1. júní 2019. Fjármálaeftirlitið vekur einnig athygli á því að viðauki I og II í fjórðu peningabættistilskipuninni hefur að geyma ótæmandi lista yfir þætti sem annars vegar gefa til kynna lága áhættu og hins vegar aukna áhættu.

Fjármálaeftirlitið beinir því til tilkynningarskyldra aðila á fjármálamarkaði að kynna sér framangreindar viðmiðunarreglur sem finna má á heimasíðu eftirlitsins og að taka mið af þeim í

<sup>1</sup> Viðmiðunarreglur skv. 17. gr. og 4. mgr. 18. gr. tilskipunar 2015/849 um einfaldaða og aukna áreiðanleikakönnun og þætti sem lána- og fjármálastofnanir skulu líta til við mat á hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í tengslum við einstaka viðskiptasambönd og einstök viðskipti (Joint Guidelines under Article 17 and 18(4) of Directive (EU) 2015/849 on simplified and enhanced customer due diligence and the factors credit and financial institutions should consider when assessing the money laundering and terrorist financing risk associated with individual business relationships and occasional transactions. **The Risk Factors Guidelines**) [https://esas-joint-committee.europa.eu/Publications/Guidelines/Guidelines%20on%20Risk%20Factors\\_EN\\_04-01-2018.pdf](https://esas-joint-committee.europa.eu/Publications/Guidelines/Guidelines%20on%20Risk%20Factors_EN_04-01-2018.pdf)

starfsemi sinni. Komist Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að um brot á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum sé að ræða gerir Fjármálaeftirlitið kröfu um úrbætur, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið ráðgerir að halda kynningu á viðmiðunarreglunum í upphafi árs 2019.

Virðingarfyllst,  
FJÁRMÁLAEFTIRLITID

  
Björk Sigurgísladóttir

  
Helga Rut Eysteinsdóttir